

Geðhjálp efnir til fræðsludaga

Hugað sé að aðstandendum

TIL STENDUR á næstu vikum að bjóða upp á fræðsludaga á vegum Geðhjálpar fyrir aðstandendur geðsjúkra. Að sögn Auðar Axelsdóttur, iðjuþjálfara hjá Geðhjálp, skiptist námskeiðið í sex hluta og er tilgangurinn að upplýsa fólk um geðsjúkdóma, almenna geðheilsu, möguleg meðferðarúrræði og stöðu geðsjúkra.

Á námskeiðinu munu tveir geðlæknar, Ólafur Þór Ævarsson og Engilbert Sigurðsson, fræða fólk um geðsjúkdóma og meðferð. Fjölskyldu- og skólajónustan Vesturgarði verður með kynningu á starfsemi sinni og þeirri þjónustu sem geðsjúkum stendur til boða hjá Félagsþjónustunni. Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfari heldur erindi um áhrifa-valda í daglegu lífi á geðheilsu. Þá mun Tryggingastofnun verða með erindi um réttindamál geðsjúkra og Geðhjálp kynnir starfsemi sína.

Að sögn Auðar eru um 30 manns virkír í aðstandendahópunum og hafa þeir meðal annars unnið að útgáfu kynningar-bæklinga þar sem sjálfshjálparhópar aðstandenda eru kynntir.

„Þetta eru hópar þar sem fólk deilir reynslu sinni og styður hvað annað, í því liggur sjálfs-hjálpin.“

Hún nefnir í þessu sambandi að þegar einstaklingur innan fjölskyldu veikist hafi það áhrif á alla.

Aðstandendum finnst að þeir fái ekki nægar upplýsingar þegar ástvinur þeirra þurfi hjálpa. Það þurfi að sinna aðstandendum því



Morgunblaðið/RAX

Auður Axelsdóttir, iðjuþjálfari hjá Geðhjálp.

þeir tilheyri hópi sem einangrist oft.

„Þeir þurfa leiðsögn og stuðning ekki síður en sá sem er veikur,“ segir Auður.

Hún segist þeirra skoðunar að ekki hafi verið nægilega hugað að þessum hópi.

„Það er hvorki aðstandendum né geðsjúkum ljóst hvaða þjónusta er í boði og hvaða valmöguleikar eru fyrir hendi. Ég vil því hvetja fólk til að mæta á fræðsludagana því þetta eru áhugaverð efni sem skipta máli.“

Þess má geta að fræðsludagarnir verða á eftirtöldum dögum: 15. maí, kl. 17–19 en aðra daga, þ.e. 22. og 29. maí, 5., 12. og 19. júní kl. 20–22. Áhugasömum er bent á að skrá sig hjá Geðhjálp.